

AUGLÝSING

um umferð í Reykjavík.

Samkvæmt heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 40 23. apríl 1968 hefur eftirfarandi verið ákveðið:

1. Bifreiðastöðubann verður á Hólsvegi að sunnanverðu frá Austurbrún að Langholtsvegi.
2. Fellsmúli verður aðalbraut, þó þannig að umferð um hann víki fyrir umferð um Grensásveg og Háaleitisbraut.
3. Gjald fyrir afnot stöðumælareita á Óðinsgötu og Kirkjutorgi verður fimm kr. fyrir hverjar byrjaðar 30 mínútur.

Lögreglustjórnin í Reykjavík, 10. nóvember 1969.

Sigurjón Sigurðsson.

Nr. 253.

6. nóvember 1969.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um gerð lyfseðla og afgreiðslu lyfja
nr. 30 16. maí 1966.

1. gr.

Við lista yfir eftirritunarskyld nautnalyf í 6. gr. bætist: Pentazocinum NFN.

2. gr.

13. gr. b. orðist svo:

- b. Tannlæknum er heimilt að ávísá sjúklingum sínum þeim lyfjum, sem greind eru hér á eftir. Lyfseðilsskyldum lyfjum í afmældum skömmtum má eigi ávísá í meira magni en 25 skömmtum í senn, sbr. þó II-lið.

I. Guttae pentetrazoli

— nicethamidi

Nystatinum og tilsvarendi sérlyfjum.

Oxitettracyclinum og tilsvarendi sérlyfjum.

Penicillinum, samböndum þess og tilsvarendi sérlyfjum.

Solutio natrii fluoridi 0.5% til tannpenslunar.

Tablettaa allypropymali 0.1. g.

— atropini 0.25 mg.

— capacetyli.

— carbromali 0.5 g.

— codamidi.

— codazoni DAK 50.

— codimagnyli.

— — non obstipantes.

— codipheni.

— — non obstipantes.

— coffazini DAK 50.

— coffiplex D 48.

Tablettar diazepami 5 mg.
 — enhexymali 0.25 g.
 — glutethimidi 0.25 g.
 — hexemali 0.1 g.
 — meprobamati 0.4 g.
 — mepyramini 50 mg.
 — methylatropini 0.5 mg.
 — methylscopolamini 0.5 mg.
 — mobutazoni 0.25 g.
 — natrii fluoridi 0.55 mg.
 — oxedrini 0.1 g.
 — oxyphenbutazoni 0.1 g.
 — pentymali 0.1 g.
 — phenemali 15 mg.

Tetracyclinum og tilsvarendi sérlyfjum.

Listi þessi er tæmandi og má ekki frá honum vikja.

II. Tabl. methadoni 5 mg, mest 10 töflur gegn sama lyfseðli.

III. Samsvarandi sérlyfjum og þeim, er greind eru í I-lið hér að framan.

Takmarkanir þær, er greindar eru í upphafi b-liðs hér að framan, eiga jafnt við um tilsvarendi sérlyf.

IV. Lausasölulyfjum.

V. Lyfjum ætluðum til staðverkunar í munni, þar með taldar sogtöflur, svo og lyfjum, sem eingöngu eru ætluð til útvortis notkunar.

3. gr.

Í Viðauka 1, undanþágur varðandi lausasölu nokkurra lyfja samkvæmt 14. gr. b. komi nýr liður, svo hljóðandi:

Lyf, jurtaf eða lyfja-samsetningar	Samsetningar, er selja má í lausasölu	Athugasemdir	Dæmi
Cinnarizinum	Töflur er innihalda 10 mg eða minna	Mest 10 töflur handa einstaklingi: Áletrist: 1 tafla klukkustund áður en ferð er hafin, mest 3 töflur á sólarhring. — Börn 5—12 ára, hálfan skammt. Ekki ætlað yngri börnum. — Varasamt er fyrir stjórnendur ökutækja að taka lyfið. — Geymist þar, sem börn ná ekki til.	Glanil Mekos

4. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 23. gr. lyfsölulaga nr. 30 29. apríl 1963, öðlast gildi 1. desember 1969.

Í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 6. nóvember 1969.

F. h. r.

Baldur Möller.

Jón Thors.